

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Dags. 10.5. 2017

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 435 mál

Óskað hefur verið umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofan greint mál.

Mál þetta er sérstakt að því leyti að um er að ræða upptöku efnis tilskipana Evrópusambandsins nr. 2000/78/EB um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinulífi svo og tilskipun nr. 2000/43 EB um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis að því leyti sem lýtur að vinnumarkaði en tilskipanirnar falla ekki undir EES samninginn. Efni þessara tilskipana hefur þegar verið lögfest í Noregi.

Með frumvörpunum er því verið að lögfesta meginregluna um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri eða kynhneigð svo og kynþáttar eða þjóðernis.

Frumvarpið á alllangan aðdraganda eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu og hafa SA, ásamt ASÍ og fleiri samtökum komið að þeirri vinnu.

Bent var sérstaklega á að taka þyrfti afstöðu til túlkunar og stefnumörkunar vegna ákvæðanna um bann við mismunun á grundvelli aldurs enda hafi dómstóll ESB veitt aðildarríkjnum mikið svigrúm varðandi það að hvaða markmiði sé stefnt og hvaða aðgerðir séu heppilegar til að ná því markmiði. Sama eigi við um svigrúm aðila kjarasamninga til að marka áherslur um starfslok og starfslokaaldur. Sjá skýringar í greinargerðinni með frumvarpinu um jafna meðferð á vinnumarkaði í kafla v. Aldur, bls. 13-14.

Eins og vikið er að hér að framan byggir frumvarpið á víðtæku samráði.

Samtök atvinnulífsins gera því ekki efnislegar athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.  
Yfirlögfræðingur